



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/373
komudagur 25.11.2013

Reykjavík 25. nóvember 2013.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (hlutdeildarsetning úthafsækju og rækju á miðunum við Snæfellsnes), 153. mál.

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem setja á aftur aflahlutdeild í úthafsækju, en veiðarnar hafa verið frjálssar frá 1. september 2010.

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við að sett sé aflahlutdeild í annars vegar úthafsækju og hins vegar í rækju við Snæfellsnes. Hins vegar gerir Sjómannasamband Íslands athugasemd við tillögu frumvarpsins um með hvaða hætti aflahlutdeildir á skip skuli fundnar.

Sjómannasamband Íslands leggur til að útgerðir skips eða skipa sem stunduðu rækjuveiðar á fiskveiðiárunum 2007/2008, 2008/2009 og 2009/2010 geti valið að halda þeirri aflahlutdeild sem var á viðkomandi skipi eða skipum þann 1. september 2010 þegar veiðarnar voru gefnar frjálssar. Þeim aflahlutdeildum sem eftir eru þegar framangreint val hefur farið fram skal skipt á grundvelli veiðireynslu fiskveiðiáranna 2010/2011, 2011/2012 og 2012/2013 milli þeirra skipa sem ekki eru komin með hlutdeild.

Þetta þýðir að skip sem ekki stunduðu rækjuveiðar á tímabilinu frá 1. september 2007 til 31. ágúst 2010, en höfðu aflahlutdeild, missa hlutdeildina. Sama gildir um skip sem stunduðu veiðar á framangreindu tímabili ef útgerð kys að halda ekki fyrri aflahlutdeild. Þau skip sem framangreint gildir um fá hins vegar nýja hlutdeild á grundvelli veiðireynslu hafi þeim verið haldið til rækjuveiða tímabilið frá 1. september 2010 til 31. ágúst 2013.

Sjómannasamband Íslands telur framangreinda aðferð við úthlutun á aflahlutdeild í rækju mun réttlátari en þá aðferð sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson